



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

Fylgiskjal með fundargerð
nr.61.

22.júni 1981

voru samankomnir á fund í Fjölbrautaskóla
Suðurnesja þeir Jón Böðvarsson skólameistari, Gunnar Sveinsson
form. skólanefndar, Ingólfur Halldórsson aðstoðarskólameistari,
Ingvar Jóhannsson, Erlendur Jónsson verktaki og Valtýr
Guðjónsson.

Skólameistari rakti undirbúning að frekari
framkvæmdum við skólahúsin Sunnubraut 36 og Iðavelli 1,
og í því sambandi viðræður 5 manna við fjármálaráðherra
19.júní sl. um fjárveitingar til verksins, sbr.áætlun.
Ráðherra gaf fyrir sitt leyti kost á kr.400.000 aukafjár-
veitingu úr ríkissjóði á þessu ári, og kr, 260.000 lánsheimild
til útborgunar snemma næsta árs, hvorttveggja háð samþykki
menntamálaráðherra. Þá er miðað við lokaframkvæmd á árinu,
í stað þess að láta hluta verksins bíða næsta árs.
Samþykkt að skrifa sveitarstjórnnum um hliðstæða aukafjár-
veitingu á þessu ári úr sveitarsjóðunum, kr. 440.000.

Röðun framkvæmda verði þannig:

1. a. Veggur í verknámshúsi færður
b. Kennaraklefar, salerni
2. a. Salerni í aðalhúsi, málning neðri hæðar
b. Frágangur Eðlisfræðistofu
c. " skrifstofu skrifstofustjóra
d. " " áfangastjóra

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson
-ritari-